

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

- a) Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- b) Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og gjöld skv. lögum nr. 4 27. febrúar 1974 og lögum nr. 5 28. febrúar 1974.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 33. 25. janúar 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

25. mars 1974.

Nr. 111.

AUGLÝSING

um skipulag í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. mars 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

26. mars 1974.

Nr. 112.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loffferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.